

Ársskýrsla landskjörstjórnar 2025



Landskjörstjórn

Efnisyfirlit

Starfsemin á árinu 2025	4
Landskjörstjórn.....	4
Stefnumótun landskjörstjórnar og skrifstofunnar.....	4
Heimsóknir til yfirkjörstjórna sveitarfélaga	5
Helstu verkefni ársins	6
Umsögn landskjörstjórnar á grundvelli 2. mgr. 132. gr. kosningalaga nr. 112/2021.....	6
Skýrsla landskjörstjórnar um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninga 2024.....	6
Stafræn þróun.....	6
Meðmælakerfi fyrir sveitarstjórnarkosningar.....	6
Rafræn kjörskrá	6
Tengjum ríkið.....	8
Nýir atkvæðakassar	8
Heimsókn dómsmálaráðherra	8
Málþing – Eru rafrænar kosningar framtíðin?	9
Alþjóðlegt samstarf.....	10
Ráðstefna Evrópuráðsins fyrir kosningastofnanir í Vilnius í Litháen.....	10
Stokkhólmsráðstefnan um heilindi í kosningum í Stokkhólmi.....	10
Fræðsluheimsókn til Noregs í tilefni af þingkosningunum.....	10
Fræðsluferð í tilefni af sveitarstjórnarkosningum í Danmörku	11
Vinnustofa um fjölþáttaógnir í Helsinki	11



Ávarp framkvæmdastjóra

Á síðasta ári var ekki boðað til kosninga og því gafst svigrúm til að vinna áfram að stefnumótun og uppbyggingu landskjörstjórnar. Áhersla var lögð á innra starf og umbætur. Starfsemin er að þroskast og með hverju misseri bætist við í reynslubankann og sú reynsla mótar þær línur sem lagðar eru. Það er afar skemmtilegt að segja frá því að landskjörstjórn hefur nú heimsótt allar yfirkjörstjórnir landsins og kynnst því góða fólki sem sinnir því mikilvæga verkefni sem framkvæmd kosninga er. Við erum þakklát fyrir góðar viðtökur og hlökkum til þess að starfa með yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga að undirbúningi og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna í vor.

Astríður Þannardóttir

Starfsemin á árinu 2025

Landskjörstjórn

Aðalmenn í landskjörstjórn árið 2025 voru Kristín Edwald formaður, Arnar Kristinsson og Indriði Ingi Stefánsson kosin af Alþingi og Ebba Schram og Magnús Karel Hannesson tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamenn voru Þórunn Garðarsdóttir, Ólafía Ingólfssdóttir og Hulda Katrín Stefánsdóttir kosin af Alþingi og Elín Ósk Helgadóttir og Valur Rafn Halldórsson tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Landskjörstjórn hélt 13 fundi á árinu og eru fundargerðir hennar aðgengilegar á vef landskjörstjórnar.

Skrifstofa landskjörstjórnar gaf út tvö fréttabréf á árinu um málefni sem tengjast kosningum og það helsta á döfinni í starfseminni, hið [fyrra](#) að vori og og það [síðara](#) fyrir jól.

Stefnumótun landskjörstjórnar og skrifstofunnar

Í maí var haldin vinnustofa landskjörstjórnar og skrifstofu landskjörstjórnar þar sem umfjöllunar-efnið var hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma. Markmið þessa stefnumótunardags var að eiga samtal um hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma og skoða ólíkar sviðsmyndir varðandi hlutverk þeirra til framtíðar. Vinnan var lærdómsrík og mun nýtast við stefnumótunarstarf í framtíðinni.



Frá vinnustofu landskjörstjórnar og skrifstofu landskjörstjórnar.

Heimsóknir til yfirkjörstjórna sveitarfélaga

Í aðdraganda forsetakosninganna 2024 fóru starfsmenn landskjörstjórnar í þá vegferð að heimsækja yfirkjörstjórnir sveitarfélaga með það að markmiði að kynnst, fara yfir framkvæmd kosninga og mynda tengsl. Þegar boðað var til alþingiskosninga í lok nóvember 2024 varð hlé á þessum heimsóknum en þeim var fram haldið á árinu 2025. Í desember 2025 höfðu allar yfirkjörstjórnir sveitarfélaga verið heimsóttar.

Heimsóknir til yfirkjörstjórna sveitarfélaga hafa sýnt að framkvæmd kosninga á Íslandi stendur

á traustum grunni. Sveitarfélögin sinna hlutverki sínu af mikilli alúð og vilja gera vel. Þó eru tækifæri til úrbóta, svo sem með aukinni samræmingu. Þá styrkir áframhaldandi öflug fræðsla enn frekar öryggi, skilvirkni og traust á kosningaframkvæmd á landsvísu.

Fundirnir hafa veitt landskjörstjórn mikilvæga og hagnýta innsýn í framkvæmd kosninga í sveitarfélögum og skapað traustan grunn fyrir áframhaldandi þróun og umbætur.



Frá heimsókn landskjörstjórnar til yfirkjörstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps.



Yfirkjörstjórn Vesturbyggðar.



Yfirkjörstjórn Hvalfjarðarsveitar.

Helstu verkefni ársins

Umsögn landskjörstjórnar á grundvelli 2. mgr. 132. gr. kosningalaga nr. 112/2021

Þann 15. janúar afhenti landskjörstjórn Alþingi [umsögn](#) vegna kosninga til Alþingis þann 30. nóvember 2024 á grundvelli 2. mgr. 132. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Þar voru veittar umsagnir um gildi ágreiningsseðla úr þremur kjördæmum, umsagnir um tvær kærur sem bárust vegna kosninganna og umsagnir um athugasemdir vegna framkvæmdar kosninganna sem bárust frá tveimur umboðsmönnum. Þá er þar að finna samantekt á framkvæmd alþingiskosninganna í Suðvesturkjördæmi.

Skýrsla landskjörstjórnar um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninga 2024

Landskjörstjórn skilaði þann 10. apríl dómsmálaráðherra [skýrslu](#) um undirbúning og framkvæmd alþingiskosninga sem fram fóru þann 30. nóvember 2024. Ráðherra lagði skýrsluna fyrir Alþingi í júní. Í skýrslunni var fjallað um framkvæmd kosninganna allt frá undirbúningi sem var skammur þar sem um þingrofskosningar var að ræða, framkvæmdina á kjördag og verkefni að loknum kosningum. Þá var bent á tækifæri til úrbóta til að mynda hvað varðar endurskoðun á löggjöf, umbætur við framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu, fræðslu o.fl.

Stafræn þróun

Áfram var unnið að því að stafvæða ýmislegt í umsýslu kosninga á árinu. Landskjörstjórn hefur sett sér stefnu um stafræn skref. Stafræn

stefna landskjörstjórnar miðar að því að styrkja kosningaframkvæmd á Íslandi með öruggri, gagnsæri og notendavænni nýtingu stafrænnar tækni. Markmið landskjörstjórnar í stafrænni þróun er að bæta þjónustu, auka skilvirkni og tryggja öryggi gagna í þágu lýðræðis.

Meðmælakerfi fyrir sveitarstjórnarkosningar

Á árinu var unnið að því að aðlaga meðmælakerfið að sveitarstjórnarkosningum. Við sveitarstjórnarkosningar eru fleiri notendur, þ.e. yfirkjörstjórnir sveitarfélaga í stað landskjörstjórnar og rúmlega 50 sveitarfélög sem geta leyft framboðum að safna meðmælum með kerfinu.

Rafræn kjörskrá

Unnið var að gerð rafrænnar kjörskrár í samstarfi við Þjóðskrá Íslands. Huga þarf að öllum ferlum við gerð rafrænnar kjörskrár og innleiðingu hennar. Mikilvægt er að fara yfir ferlið skref fyrir skref og átta sig á hvað getur komið upp á kjördag, hvernig meðhöndlun utankjörfundaratkvæða fer fram og ýmislegt fleira. Grundvallarbreyting við rafræna kjörskrá verður þannig að kjósendum er ekki lengur skipað í kjördeildir og verður frjálst að kjósa hvar sem er innan kjördæmis eða sveitarfélags eftir því um hvaða kosningar ræðir. Þá mun öll skýrslugerð verða mun einfaldari.

Lengi hefur verið beðið eftir rafrænni kjörskrá og afar gott að vinna við hana sé farin af stað fyrir alvöru. Vonir standa til að hægt verði að prófa rafræna kjörskrá í einu til tveimur sveitarfélögum í sveitarstjórnarkosningum vorið 2026.



Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri landskjörstjórnar að flytja erindi á ráðstefnunni Tengjum ríkið.

Tengjum ríkið

Fulltrúar landskjörstjórnar sóttu ráðstefnuna *Tengjum ríkið* sem Stafrænt Íslands stendur fyrir á ári hverju þar sem fjallað er um stafræna framtíð hins opinbera. Ástríður Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri landskjörstjórnar hélt erindi á ráðstefnunni sem bar yfirskriftina *Stafræn skref landskjörstjórnar*.

Nýir atkvæðakassar

Gengið var frá vali á nýjum atkvæðakössum á árinu en ákall hefur verið um að endurnýja atkvæðakassa. Þeir nýju eru úr plasti og þannig



mun léttari en eldri kassar og þeir staflast saman sem gerir þá betri til geymslu á milli kosninga. Þá eru engir lykklar á nýju atkvæðakössunum heldur er þeim lokað með innsiglum. Atkvæðakassarnir voru prófaðir við sameiningarkosningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra í lok ársins og var reynslan af þeim góð. Þeir munu verða teknir í notkun um allt land í sveitarstjórnarkosningum í maí 2026.

Heimsókn dómismálaráðherra

Í október heimsótti Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir dómismálaráðherra landskjörstjórn ásamt Jakobi Birgissyni aðstoðarmanni sínum og Bryndísi Helgadóttur, skrifstofustjóra skrifstofu réttarfars og stjórnsýslu í dómismálaráðuneytinu. Landskjörstjórn er sjálfstæð stjórnsýslunefnd en heyrir stjórnarfarslega undir dómismálaráðherra sem fer með málefni kosninga.

Landskjörstjórn og starfsfólk hennar kynntu starfsemi stofnunarinnar, helstu verkefni og áskoranir við framkvæmd kosninga.



Landskjörstjórn ásamt dómismálaráðherra og framkvæmdastjóra.

Málþing – eru rafrænar kosningar framtíðin?

Á fullveldisdaginn, 1. desember, stóð landskjörstjórn fyrir málþingi undir yfirskriftinni *Eru rafrænar kosningar framtíðin?*

Kristín Edwald, formaður landskjörstjórnar, opnaði málþingið en tveir erlendir gestir fjölluðu um málefnið, þeir Arne Koitmäe, framkvæmdastjóri eistnesku kosningastofnunarinnar, og dr. Jordi Barrat Esteve, prófessor í stjórnskipunarrétti.

Báðir þekkja þeir málefnið vel. Rafrænar kosningar hafa farið fram í Eistlandi frá árinu 2005 og Arne fjallaði um framkvæmdina og álitaefni sem upp hafa komið í Eistlandi sl. 20 ár. Jordi fjallaði um stöðuna á netkosningum í heiminum en nýverið kom út [samantekt](#) eftir hann í samstarfi við International IDEA um rafrænar kosningar á heimsvísu. Þá fór hann yfir spurningar sem

stjórnvöld og aðrir ættu að spyrja sig að áður en hafist er handa við undirbúning rafrænna kosninga, líkt og hvers vegna, hvaða vandamál er verið að leysa og hvers konar áhætta felst í því.

Eftir hlé fóru fram pallborðsumræður undir styrki stjórn Birnu Írisar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Stafræns Íslands, með sérfræðingum frá Íslandi, þeim Sigurði Mássyni sem hefur komið að rafrænum kosningum um árábil, t.d. íbúakosningum, kosningum í stjórnir fyrirtækja og fleira, Bjarka Þór Sigvarðarsyni fagstjóra ástandsvitundar hjá CERT-IS auk Evu Heiðu Önnudóttur, prófessors í stjórnmálafræði, sem rannsakað hefur ýmislegt tengt kosningum um árábil.



Pallborðsumræður á málþingi um rafrænar kosningar á Hilton Reykjavík Nordica 1. desember 2025.

Alþjóðlegt samstarf

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi er mikilvægur þáttur í starfsemi landskjörstjórnar. Það er lærdómsríkt að heyra um þýðingu þeirra grundvallarsjónarmiða sem fjallað er um á þessum vettvangi. Kosningasamfélagið er tiltölulega fámennt og þess vegna er bæði lærdómsríkt og árangursríkt að hitta og skiptast á skoðunum við reynslumikið fólk með viðtæka þekkingu frá mismunandi ríkjum. Starfsmenn landskjörstjórnar sóttu nokkra alþjóðlega viðburði er tengjast kosningum.



Þátttakendur á ráðstefnu Evrópuráðsins um stöðugleika kosningalaga.

Ráðstefna Evrópuráðsins fyrir kosningastofnanir í Vilnús í Litáen 15.–16. apríl

Evrópuráðið stóð, í samvinnu við kosningayfirvöld í Litáen, fyrir 20. Evrópuráðstefnunni með kosningastofnunum (EMBs). Landskjörstjórn átti tvo fulltrúa á ráðstefnunni. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar var stöðugleiki kosningalaga sem er lykilregla í leiðbeinandi reglum Evrópuráðsins frá 2002 um góða stjórnarhætti í kosningum. Stöðugleiki kosningalaga er grundvallaratriði þess að tryggja réttarríkið, koma í veg fyrir pólitíska misnotkun og gera kjósendum, frambjóðendum og kjörstjórnnum kleift að undirbúa sig vel fyrir kosningar. Lögð var rík áhersla á að tímabærar, sameiginlegar og vel undirbúnar umbætur væru forsenda stöðugleika og trúverðugleika kosninga.

Stokkhólmsráðstefnan um heilindi í kosningum í Stokk-hólmi í Svíþjóð 10.–12. júní

IDEA, alþjóðastofnun um lýðræði og kosningaþróun (International IDEA) í samvinnu við utanríkisráðuneyti Svíþjóðar, kosningastofnunina í Svíþjóð (s. Valmyndigheten) og áströlsku kosningastofnunina (e. Australian Election Commission), buðu landskjörstjórn að taka þátt í ráðstefnu um heilindi í kosningum (e. electoral integrity) í tilefni af 30 ára afmæli IDEA. Á ráðstefnunni var samþykkt samkomulag um heilindi í kosningum sem undirstrikar mikilvægi kosningastofnana í því að standa fyrir traustum og lýðræðislegum kosningum, jafnvel við mjög krefjandi aðstæður. Í samkomulaginu er megináhersla á að hlutverk kosningastofnana sé viðurkennt og bent á vaxandi áskoranir kosningayfirvalda.

Fræðsluheimsókn til Noregs í tilefni af þingkosningunum 7.–8. september

Í byrjun september bauð norska sveitarstjórnarráðuneytið fulltrúum erlendra kosningastofnana í heimsókn til þess að fylgjast með þingkosningum sem fóru fram í Noregi 8. september. Um var að ræða tveggja daga heimsókn en fyrri daginn var fræðsla um kosningakerfi Noregs, ný kosningalög og stöðu mála í stjórnámálum landsins. Þá voru haldnar kynningar um það hvernig norsk yfirvöld tryggja öryggi í framkvæmd kosninga og hvernig þau sporna gegn óæskilegum afskiptum og áhrifum á kosningar. Auk þess var fjallað um niðurstöður sérfræðihóps um gervigreind og kosningar. Síðari daginn voru nokkrir kjörstaðir í Ósló og nágrenni heimsóttir og fylgst með talningu utankjörfundaratkvæða. Þá var fylgst með talningu í lok kjördags á einum kjörstað í Ósló.



Sveitarstjórnarkosningar í ráðhúsinu í Kaupmannahöfn.



Starfsfólk landskjörstjórnar í höfuðstöðvum Kombit.

Fræðsluferð í tilefni af sveitarstjórnarkosningum í Danmörku 17. nóvember

Skrifstofa landskjörstjórnar fór í fræðsluferð til Kaupmannahafnar og Frederiksberg í nóvember þegar sveitarstjórnarkosningar fóru fram í Danmörku. Fundað var með Kombit, sem sér um rafræna kjörskrá í Danmörku og er eins konar Stafrænt Ísland á vegum sveitarfélaga í Danmörku, starfsfólki kosninganna og yfirkjörstjórnnum sveitarfélaganna í Kaupmannahöfn og Frederiksberg. Þá voru kjörstaðir heimsóttir og fylgst með talningu atkvæða. Heimsókninni lauk með fundi með kosningateymi danska innanríkisráðuneytisins.

Vinnustofa um fjölþáttaógnir í Helsinki 2.–3. desember

Evrópska öndvegissetrið um aðgerðir gegn fjölþáttaógnum (e. European Centre of Excellence for Counting Hybrid Threats (Hybrid CoE)) boðaði í annað sinn til vinnustofu í Helsinki í byrjun desember. Þar var fjallað um hvernig sporna mætti gegn fjölþáttaógnum við kosningar og hvaða lærdóm mætti draga af því sem gert hefði verið í þeim efnum undanfarin ár. Landskjörstjórn, fjölmiðlanefnd og utanríkisráðuneytið sendu fulltrúa á vinnustofuna. Rætt var um helstu áskoranir og þá hættu sem beinist að framkvæmd kosninga. Fulltrúar nokkurra ríkja fóru yfir raunveruleg dæmi um hvernig utanaðkomandi aðilar hafa reynt að hafa áhrif á kosningar. Í umræðum var fjallað um hvernig yfirvöld gætu spornað gegn þessari þróun og hvernig lýðræðissamfélög gætu byggt upp viðnámsþrótt til framtíðar. Rætt var um hvers konar áhætta væri möguleg í framtíðinni en ljóst er að fjölþáttaógnir eru veruleiki sem framkvæmdaaðilar kosninga þurfa að vera vel vakandi fyrir.

Ársskýrslan er unnin og gefin út í samræmi við 4. mgr. 14. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Útgefandi: Landskjörstjórn.

Hönnun og umbrot: Birgir Þorsteinn Jóakimsson.

Ljósmyndir: Landskjörstjórn, Lára Kristín Skúladóttir, Ljósmyndir Rutar og Silju, Stafrænt Ísland og Sunna Ben.

ISBN 978-9935-9846-0-9



Landskjörstjórn